



20. janúar 2019
Sæmundargata 4, 105 Reykjavík

UMSÖGN STÚDENTARÁÐS við frumvarp til laga um lækkun kosningaaldurs

Skrifstofa Stúdentaráðs þakkar fyrir erindið. Við fögnum áhuga þingmanna á því að auka lýðræðisþátttöku ungs fólks og vonum að málið nái fram að ganga.

Þorri stúdenta við Háskóla Íslands er á aldrinum 20 til 29 ára og má ætla það sé sá hópur sem helst mætti flokka sem „stúdenta“, þ.e. einstaklingar sem eru í fullu námi og stunda litla sem enga atvinnu til viðbótar við skólagöngu. Ef marka má niðurstöður Hagstofu Íslands um kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru vorið 2018, eru það kjósendur á þessu aldursbili, þ.e. 18–29 ára, sem taka minnstan þátt í kosningunum. Gróflega áætlað, án tillits til annarra breytna, má ætla að u.þ.b. helmingur námsmanna við Háskóla Íslands hafi setið heima við síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þetta áhyggjuefni, enda minnkar þetta vægi námsmanna og háskólastúdenta í almennt umræðu um þeirra eigin málefni og minnkar e.t.v. hvata ráðamanna til að veita þessum hópum vægi. Þessi skilningur kemur heim og saman við sjáanlega þróun og upplifun ungs fólks á eigin kjörum – að þau fari versnandi. T.d. má nefna þróun meðalráðstöfunartekna ungs fólks, sér í lagi á aldrinum 16 til 24 ára, en hjá þessum aldurshópi hafa ráðstöfunartekjur *lækkað* á árunum 1990 til 2014 (til fróðleiks nefndarmanna vísast til greinar greiningardeildar Arion banka, sem finna má [hér](#)). Skýrt dæmi um þetta eru almennt kjarasamningar á vinnumarkaði, þar sem 18 og 19 ára einstaklingar eru sjálfkrafa með nokkuð lægri laun en félagar þeirra sem fyllt hafa 20 ár.

Eins og vitað er má almennt líta á kjósendahópa sem vissar „blokkir“, þ.e. að einstaklingar með sambærilega hagsmuni kjósa almennt á sambærilegan hátt. Má í þeim efnum vísa til stofnun margra stærstu stjórnmalaflokka 20. aldar en þeir voru að jafnaði stofnaðir í kringum hagsmuni tiltekinna stétta í samfélaginu. Skipulag blokkarinnar og lýðræðisleg þátttaka hennar stýrir svo oft hve mikið vægi sjónarmið hópsins hafa í almennt umræðu og hversu mikið fólk í ákvörðunarstöðum hlustar á téd sjónarmið.

Eins og segir hér fyrir ofan hafa kjör ungs fólks versnað frá upphafi síðasta áratug síðustu aldar. Má e.t.v. rekja hluta af þessari kjaralækkun til þess hve lítinn þátt sjónarmið ungmenna, sem eru að stórum hluta námsmenn, hafa í almennri stjórn málaumræðu. Virðist því liggja vel við höggi að slá því föstu að aukin lýðræðisþátttaka ungmenna og hlutfall þeirra af gildum atkvæðum í lýðræðislegum kosningum hækki, muni athygli stjórn málastéttarinnar færast meir í átt að hagsmunamálum ungs fólks.

Stúdentaráð telur að lækkun kosningaaldurs ein og sér geri e.t.v. ekki mikið fyrir „ungmenna-blokkina“, ef svo má að orði komast. Öflug fræðsla um mikilvægi lýðræðis, virkni þess og gangvirki ákvörðunartöku í íslensku samfélagi samhliða lækkun kosningaaldurs gæti það þó vel. Stúdentaráð telur í öllu falli að valdefling ungs fólks og aukinn þáttur þeirra í opinberri ákvarðanatöku vera af hinu góða og gæti lækkun kosningaaldurs vel verið mikilvægur þáttur í átaki þess efnis.

Eins finnur Stúdentaráð fá rök sem mæla gegn því að einstaklingar sem eru orðnir 16 ára fá færi á því að taka þátt í kosningum til sveitarstjórna og hafi þannig áhrif á sitt nærumhverfi, en margar þær ákvarðanir sem eru á borði sveitarstjórna um allt land, stórra og smáa, varða hagsmuni ungmenna mjög náið.

Í ljósi náninna tengsla hagsmuna ungmenna og hagsmuna stúdenta mælir Stúdentaráð Háskóla Íslands því heilshugar með að frumvarpið sé samþykkt, en leggur þó jafnframt til að samhliða lækkuninni verður farið í öflugt átak til að efla lýðræðisvitund fyrstu kjósenda.

*F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Jónas M. Torfason
framkvæmdastjóri*